



Lionsklúbbur
Álftaness

Bæjarráð Garðabæjar
b.t. Gunnars Einarssonar bæjarstjóra
Garðatorgi
210 Garðabæ

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt. d. og s.	28.10.2016
Viðtalalykill	15.19
Mál nr.	1610309

Álftanesi, 26.10.2016

Efni: Þorablót Kvenfélags Álftaness og Lionsklúbbs Álftaness 2017

Undanfarin ár hafa Kvenfélag Álftaness og Lionsklúbbur Álftaness staðið sameiginlega fyrir glæsilegum Þorablótum. Þessi blót hafa verið fastur viðburður í félagslífi á Álftanesi, verið mjög vel sótt og vel heppnuð. Nú líður senn að enn einu Þorablótinu. Þar stefnum við á að gera að minnsta kosti eins vel og undanfarin ár, þó helst betur.

Við framkvæmd Þorablóta hefur velvilji, jákvætt viðmót og stuðningur bæjaryfirvalda reynst okkur ómetanlegur. Það er ekki sjálfgefið að njóta þesslíka stuðnings og velvilja og viljum við hér með þakka kærlega fyrir hann.

Kvenfélag Álftaness og Lionsklúbbur Álftaness hafa ákveðið að halda Þorablót í upphafi komandi Þorra, eða laugardaginn 21. janúar 2017,

Þetta Þorablót mun verða með hefðbundnu sniði líkt og undanfarin ár. Snæddur góður matur, fjöldasöngur og skemmtiatriði. Að því loknu mun hljómsveit leika fyrir dansi.

Með vísan til ofangreinds vil ég, fyrir hönd Kvenfélags Álftaness og Lionsklúbbs Álftaness, óska eftir því að bæjaryfirvöld leggi okkur lið við framkvæmd skemmtunarinnar á líkan hátt og áður, þ.e.a.s. með afnotum að húsnæði bæjarins, (íþróttamiðstöðin Álftanesi) og jafnframt aðstoð starfsfólks íþróttamiðstöðvarinnar.

Að óbreyttu förum við þess á leit að fá salinn til afnota föstudaginn 22. janúar og skila honum af okkur í lok dags sunnudaginn 24. janúar.

Einnig óskum við eftir afnotum af hljóðkerfi í eigu Garðalundar og aðstoð starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar við uppsetningu kerfisins auk aðstoðar starfsmanna íþróttamiðstöðvarinnar við uppsetningu og frágang salarins.

Ef jákvætt verður tekið í þessa ósk félaganna ráðgerum við, líkt og áður, náð samstarf við íþróttafulltrúa bæjarins varðandi nánari framkvæmdir.

Jafnframt óskum við eftir því að bæjaryfirvöld endurnýi teppin sem notuð eru á íþróttasalinn þar sem þau gömlu eru varla nothæf lengur.

Undirritaður mun fúslega veita frekari upplýsingar verði eftir þeim óskað.

Rafn Pálsson,
formaður þorablótsnefndar Lionsklúbbs Álftaness
GSM: 892 1151